

Þingsályktun

**um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2011
um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn.**

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2011, frá 30. september 2011, um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/425/ESB frá 28. júlí 2010 um breytingu á ákvörðun 2009/767/EB að því er varðar að semja, viðhalda og birta áreiðanlegar skrár um þá vottunaraðila sem aðildarríkin hafa eftirlit með eða veita faggildingu.

Samþykkt á Alþingi 23. febrúar 2012.

